

Kerlingardal 15-01-2010

Mýrdalshreppur

Athugasemd vegna tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2015.

Athugasemdir eru gerðar við tillögur að ferðamannleiðum í gegnum beitarlönd Kerlingardals.

Ekki eru gerðar athugasemdir við allri umferð á gamla þjóðveginum inn Kerlingardals og Höfðabrekkuheiðar.

Ekki eru heldur gerðar athugasemdir við allri umferð á slóðanum vesturúr sundum og áfram vesturúr Heiðardal, nema að sú leið er mjög oft kolófær allri umferð vegna vatnavaxta og er nauðsynlegt að hún sé merkt sem slík.

Þar með eru tvær leiðir opnar allri umferð í afrétt, þar með inn í Þakgil.

Hinsvegar kemur gönguleiðin G-8 sem er vesturúr Hagadal frammúr Kamb og áfram fram Flatir ekki til greina, þar sem hún langsar öll helstu láglendis beitarlönd Kerlingardals og bestu beitarlönd Mýrdælinga.

Í Kerlingardal er stundaður hefðbundinn landbúnaður og er jörðin fullnýtt sem slík.


Ekki eru nein áform hjá eigendum né ábúendum Kerlingardals um afþreyingar- eða útivistarsvæði á jörðinni og kemur því gönguleið G-8 ekki til greina.

Rétt er að benda á að hagsmunasamtök bænda, Búnaðarfélag Hvamshrepps, hefur einnig mótmælt hugmyndum um gönguleið þessa, þar sem land þetta er mjög mikilvægt fyrir landbúnað í Mýrdalshreppi.

Þetta tilkynnist hér með og öllum sem áhuga hafa á ferðalögum um beitarlönd Kerlingardals vinsamlega bent á að hafa samband við ábúendur Kerlingardals.

Allar frekari upplýsingar auðfengnar.

Ábúendur Kerlingardals, Karl Pálmason og Victoria Jonsson



# LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Karl Pálmason  
Kerlingardal  
871 Vík

Gunnarsholti, 29.09.2005  
Tilv. 2003010008 - 218.0  
BHB

## **Efni: Staðfesting vegna landnýtingarþáttar gæðastýringar í sauðfjárrækt**

Landgræðsla ríkisins hefur yfirfarið landnýtingarþátt umsóknar þinnar um þátttöku í gæðastýringu í sauðfjárrækt. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar þá staðfestir Landgræðsla ríkisins í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 175/2003 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu að þú uppfyllir þau skilyrði um landnýtingu sem þar eru gerð vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt. Þó er bent á eftirfarandi atriði sem taka ætti til athugunar:

*Rof víða í landi Kerlingardals sem ástæða er til að græða upp.*

Minnt er á að Landgræðsla ríkisins getur afturkallað staðfestingu sem þegar hefur verið gefin út ef ástæða þykir til vegna breyttrar nýtingar, ef í ljós kemur að nýting er umfram þol landsins eða ef ágreiningur er um rétt umsækjanda til nýtingar á landi.

Frekari upplýsingar veitir landverndarsvið Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti í s: 488-3000 eða héraðsfulltrúar Landgræðslunnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson,  
landgræðslustjóri.